

# Stefna gegn spillingu og mútum

---

Markmið þessarar stefnu er að koma í veg fyrir hvers kyns spillingu og mútur innan fyrirtækisins og í tengslum við samstarfsaðila, viðskiptavini og birgja. Spilling og mútur eru ekki lögleg samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum hvort sem það er að taka á móti mútum eða að múta. Einnig er ekki heimilt að múta í gegnum aðra eins og umboðsmenn, ráðgjafa eða dreifingaraðila.

## Hugtök

**Spilling** Hugtak sem nær yfir hvers konar misnotkun á valdastöðu til persónulegs ávinnings, hvort sem um er að ræða beint eða óbeint.

**Mútur** Mútur eru óeðlileg greiðsla, verðmæti eða fríðindi, veitt til að fá óeðlilega eða ólöglega aðstoð eða áhrif á ákvörðunartöku, viðskipti eða þjónustu.

## Grunnatriði

Enginn starfsmaður má bjóða, taka við, veita eða samþykkja mútur eða önnur ólögleg fríðindi í starfi sínu. Þeir eru einnig skyldugir til að tilkynna um grun eða vitneskju um spillingu eða mútuatvik. Góð regla er að spyrja sjálfan sig áður en þú samþykkir að taka við einhverjum verðmætum persónulega hvort um eðlilegan gjörning sé að ræða.

Stjórnendur bera sérstaka ábyrgð á að tryggja að fyrirtækið fylgi þessari stefnu og að allt starfsfólk sé upplýst og þjálfað í henni.

## Gjafir og skemmtanir

Mútugreiðslur geta verið með margvíslegum hætti, að bjóða eða gefa peninga eða eitthvað annað verðmætt. Hafa skal í huga að algengir viðskiptahættir eða félagsstarfsemi eins og að veita gjafir geta verið mútur í sumum kringumstæðum.

Gjafir eða skemmtanir verða að vera hóflegar, sanngjarnar og sjaldgæfar. Ef að stjórnandi eða starfsmaður ákveður að gefa eða þiggja gjöf/skemmtun sem er að verðmæti yfir kr. 15.000 skal hann tilkynna það í gegnum ábendingakerfið eða til framkvæmdastjóra mannauðs og menningar.

## Styrkir, framlög og kostun

Securitas getur veitt utanaðkomandi aðilum styrki eða stuðning.

## Styrkir og stuðningur við stjórnmalaflokka

Securitas styrkir ekki stjórnmalaflokka

## Birgjar

Þegar gengið er til samninga við nýja birgja eða aðra viðskiptaaðila skal tryggja að öll samskipti og viðskipti séu eðlileg.

## Kynningar og þjálfun

Framkvæmdastjóri mannauðs og menningar ber ábyrgð á að kynna þessa stefnu fyrir öllu starfsfólki. Nýliðar fá kynningu á stefnuni og er farið yfir hana á nýliðanámskeiðum.

## Bókhald og skráningar

Allar fjárhagshreyfingar skulu bókaðar og koma fram í fjárhagsbókhaldi. Ekkert má vera utan bókhalds.

## Eftirlit

Starfsfólki og stjórnendum er skylt að upplýsa framkvæmdastjóra mannauðs og menningar ef grunur vaknar um mútur ásamt því að upplýsa um móttöku eða afhendingu gjafa sem fara yfir 15.000 kr. verðmæti. Framkvæmdastjóri mannauðs og menningar heldur utan um fyrrgreindar skráningar og hefur eftirlit með gjöfum, upplýsir og eftir atvikum ræðir málin í framkvæmdastjórn.

Forstjóri og framkvæmdastjórar sviða ásamt millistjórnendum skulu vera vel vakandi fyrir þessum málum og upplýsa ef grunur vaknar um mögulegar mútur.